

29. SEPTEMBER
2022

HARPA
ELDBORG

Eva stjórnar Vorblóti

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:
CATAMORPHOSIS 20'
Gemæltan 11'
Bow to String 15'
Vorblót 35'

**Í hléi áritar Sæunn Þorsteinsdóttir hljómdiska sína
á 2. hæð fyrir framan Eldborg.**

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Eva stjórnar Vorblóti

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen

Hljómsveitarstjóri

Sæunn Þorsteinsdóttir

Einleikari

Anna Þorvaldsdóttir

CATAMORPHOSIS (2020)

Veronique Vaka

Gemæltan (heimsfrumflutningur)

Daníel Bjarnason

Bow to String (2009)

Sorrow Conquers Happiness

Blood to Bones

Air to Breath

Hlé

Ígor Stravinskij

Vorblót (Le Sacre du printemps, 1913)

Fyrri hluti - Tilbeiðsla jarðarinnar:

Inngangur - Vorboðar (Dans ungmeyjanna) -

Brottnámsleikur - Vordansar - Stríðandi ættbálkar

- Öldungurinn alvitri - Dans jarðarinnar

Seinni hluti - Fórnin mikla:

Inngangur - Helgidans ungmeyjanna - Hylling

hinnar útvöldu - Ákall til forfeðranna - Helgidans

forfeðranna - Fórnardans hinnar útvöldu

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóra-akademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni. Í sumar þreytti Eva frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum, þar sem hún stjórnaði heimsfrumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, auk þess að stjórna Fílharmóníusveit Los Angeles í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl og Walt Disney Hall.



Sæunn Þorsteinsdóttir

EINLEIKARI

Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari nýtur mikillar velgengni á fjölbreyttu sviði innan tónlistarheimsins – sem einleikari, í kammertónlist og kennslu – en hún hefur verið búsett í Bandaríkjunum um árabíl. Sæunn hefur leikið einleik með hljómsveitum á borð við Fílharmoníusveitina í Los Angeles, Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC), Sinfóníuhljómsveitina í Seattle og Fílharmoníusveit norður-þýska útvarpsins (NDR) auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands og komið fram í tónlistarhúsum á borð við Suntory Hall í Tokyo, Carnegie Hall í New York og Barbican-listamiðstöðina í Lundúnum auk Disney Hall í Los Angeles, en Los Angeles Times hefur einmitt hælt leik hennar fyrir andríki og tilfinningalega ákefð. Sæunn er meðlimur í kammerhópnum Decoda, sem á sér fast aðsetur í Carnegie Hall og hefur komið fram á hátíðum eins og Malboro í Bandaríkjunum, Prussia Cove í Englandi og Við Djúpið á Ísafirði. Sæunn er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022-23.

Sæunn er ötull talsmaður nýrrar tónlistar og hefur pantað og frumflutt fjölda nýrra verka. Hún hefur unnið náði með tónskáldum á borð við Daníel Bjarnason, Pál Ragnar Pálsson, Halldór Smáráson, Þuríði Jónsdóttur og Meliu Watras. Árið 2019 gaf Sæunn út hljómplötuna Vernacular með nýjum, íslenskum einleiksverkum fyrir selló undir merkjum Sono Luminus hljómplötuútgáfunnar. Túlkun Sæunnar á einleikssvítum Bachs kemur út á hljómplötu hjá sama útgáfufyrirtæki í febrúar 2023.

Sæunn lauk BA-námi frá Cleveland Institute of Music, meistaranámi frá Juilliard-háskólanum í New York og doktorsnámi í tónlist frá ríkisháskóla New York (SUNY) í Stony Brook. Hún kenndi um árabíl sellóleik og kammer-tónlist við Washington-háskóla í Seattle en hóf störf við Cincinnati College Conservatory í Ohio í haust.



Tónlistin á Íslandi
CATAMORPHOSIS
hefur einu sinni
hljómað áður á Íslandi
en Sinfóníuhljómsveit
Íslands lék verkið í Hörpu
í júní árið 2021 undir
stjórn Evu Ollikainen.

Anna Þorvaldsdóttir

CATAMORPHOSIS

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) er í hópi fremstu samtíma-
tónskálda heims og hefur verið staðartónskáld Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands frá árinu 2018. Verk hennar eru flutt af
helstu hljómsveitum heims, þar á meðal CATAMORPHOSIS
sem var pantað af Berlínarfílharmóníunni, Fílharmóníu-
sveitinni í New York, Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham
og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Frumflutningur verksins
fór fram í Berlín í janúar 2021 fyrir tónum sal (vegna
heimsfaraldurs kórónaveiru) en verkið hljómaði í fyrsta sinn
fyrir áheyrendur á staðnum í Eldborg í júní sama ár. Kirill
Petrenko, aðalhljómsveitarstjóri Berlínarfílharmóníunnar,
lýsti verkinu sem „stórkostlegu“. CATAMORPHOSIS hlaut
Ivors-tónskáldaverðlaunin árið 2021 en þau eru veitt ár
hvert fyrir framúrskarandi nýjar tónsmíðar.

Yrkisefni CATAMORPHOSIS er hið brothætta samband
mankyns við móður jörð. Ef við breytum ekki umgengni
okkar, segir tónskáldið, hættum við á að útkoman verði
algjör eyðilegging – *katastrófa*, eins og gefið er í skyn í fyrri
hlutanum á hinu samsetta heiti verksins. Seinni hlutinn er
dreginn af orðinu *metamorphosis* – umbreyting sem enn
er möguleg ef brugðist er við á réttan hátt. Anna kveðst í
verkinu vilja gefa í skyn ákveðna togstreitu milli andstæðra
póla; valds og viðkvæmni, vonar og örvæntingar, varðveislu
og eyðileggingar, og segir að tónlistin sé knúin áfram af
því hversu áriðandi þessi staða sé. Verkið talar með öðrum
orðum beint inn í okkar eigin samtíma og er áminning um
þá vá sem steðjar að mannkyninu.

CATAMORPHOSIS er í einum þætti sem skiptist innbyrðis
í sjö hluta: *Uppruni*, *Birting*, *Skautun*, *Von*, *Sálumessa*,
Potentia (vald) og loks *Uppgufun*. Tónskáldið segir að þótt
verkið sé að vissu leyti dramatískt þá beri það líka með sér
von, að á milli útópíu og dystópíu, bjartsýni og svartsýni,
getum við fundið jafnvægi bæði innra með okkur sjálfum
og í heiminum sem við tilheyrum.



Veronique Vaka

GEMÆLTAN

Verk Veronique Vöku (f. 1986) hafa vakið mikla hrifningu gagnrýnenda víða um heim að undanförunu. Þannig hefur breska tónlistartímaritið *Gramophone* hlaðið hana lofi auk þess sem verk hennar hafa verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs og Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Tónlistin á Íslandi

Á þessum tónleikum fer fram heimsfrumflutningur á *Gemæltan* eftir Veronique Vöku.

Á þessum tónleikum hljómar glænýr sellókonsert, *Gemæltan*, en Veronique Vaka er þekkt fyrir að leita fanga í náttúrunni í verkum sínum. Eins og fram kemur í texta Andra Snæs Magnasonar sem fylgir verkinu kviknaði hugmyndin að því þegar tónskáldið fann gamalt kort af Síðujökli og bar það saman við stærð jökulsins í dag. Breytingin var geigvænleg. Markmiðið með *Gemæltan* er þannig að vekja athygli á loftlagsbreytingum og þeim miklu umskiptum sem eru að verða í náttúrunni, eða eins og segir í texta Andra Sæs: „Við lifum hröðustu umbreytingar í kröftum jarðarinnar sem ein kynslóð hefur nokkru sinni orðið vitni að. Jöklar, sem áður breyttust á jarðsögulegum tímakvarða alda og árbúsunda, hverfa nú á ævitíma einnar manneskju.“

Gemæltan skiptist í fjóra hluta: Tvær bylgjur eða ris (*surges*) og tvo kyrrðarfasa (*quiescent phases*). Bylgjurnar einkennast af miklum frumkrafti og átökum þar sem einleikarinn túlkar jökulinn sem skrífur fram og hljómsveitin svarar. Í kyrrðarfösunum ríkir friður á yfirborðinu þótt enn bærast kraftar hið innra. Í síðari kyrrðarfasanum hopar jökullinn á ógnarhraða með tilheyrandi umbreytingum á landslagi og hverfur loks alveg. Í lok verksins hljómar einskonar niðurlag þar sem hinn mikli massi jökulsins er horfinn – hljómsveitin hefur hljóðnað – en einleikarinn kallar fram minningarbrot um horfna veröld í stefjum, áferð og litum, uns síðustu tónarnir hverfa inn í tómið.

Að sögn tónskáldsins er tónverkinu Gemæltan ekki síst ætlað að vera herhvöt til áheyrenda um að bregðast við og það hratt. Það sé sérstök tegund kaldhæðni að á meðan jörðin sé farin að umbreytast á hraða mannsins bregðist mannkynið við í jarðsögulegum hægagangi. Á tímum sem þessum þurfi upplýsingarnar ekki aðeins að ná til vitsmuna okkar heldur tala beint til hjartans. Þannig geti tónlistin ef til vill miðlað því sem mikilvægast er – ekki síst með aðstoð sellósins, sem á svo greiða leið að hjarta mannsins.



Daníel Bjarnason

BOW TO STRING

Daníel Bjarnason (f. 1979) er í fremstu röð íslenskra tónlistarmanna og nýtur mikillar velgengni víða um heim bæði sem tónskáld og hljómsveitarstjóri. Hann samdi *Bow to String* fyrir Sæunni Þorsteinsdóttur undir lok fyrsta áratugar þessarar aldar en Sæunn hafði óskað eftir verki fyrir einleiksselló frá tónskáldinu. Sjálfur hefur Daníel sagt frá því að sellóröddunum hafi smám saman fjölgað í verkinu á meðan á samningu þess stóð og úr varð tónverk sem nýtti sér nútímaupptökutækni til fulls: Sellóleikarinn skapar eins konar sellósveit úr margra rása upptöku af sjálfum sér, og leikur svo einleik með þeirri upptöku. Sú mynd verksins birtist á geisladiski Daníels, *Processions*, árið 2010 og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sama ár sem tónverk ársins, auk þess sem Daníel var valinn tónskáld ársins við sama tilefni. Sjálf hlaut upptakan frábærar viðtökur og átti ríkan þátt að vekja athygli á tónsmíðum Daníels víða um heim. Þannig varð hún að einskona kveikju að gjöfulu samstarfi tónskáldsins við Fílharmóníusveitina í Los Angeles, en það samstarf stendur enn með miklum blóma.

Bow to String hélt áfram að þróast og til urðu fleiri útgáfur til flutnings við ólíkar aðstæður, til að mynda fyrir selló og kammersveit, fyrir 46 strengjahljóðfæri og fyrir selló og fullskipaða símfóníuhljómsveit. Nýlega endurgerði Daníel Bjarnason þá útgáfu og hljómar hún hér í fyrsta sinn í kvöld.

Bow to String er í þremur köflum. Sá fyrsti nefnist *Sorrow conquers Happiness*, en titill og meginstef hans eru sótt í vídeóverk Ragnars Kjartanssonar, *Guð*, frá 2007, þar sem listamaðurinn birtist í gervi snyrtilegs crooner-söngvara með hljómsveit og syngur hann fullyrðinguna í titlinum aftur og aftur af tregablandinni fágun. Hjá Daníel er yfirbragðið þó allt annað – kaflinn er knúinn áfram af linnulausri hljómrænni og rytmískri spennu,

Tónlistin á Íslandi

Útsetning Daníels Bjarnasonar á verki sínu *Bow to String* fyrir selló og kammersveit hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi á tónlistarhátíðinni *Við Djúpið* 2009. Það hljómaði hins vegar fyrst í heild sinni í útsetningu fyrir selló og fullskipaða símfóníuhljómsveit árið 2019 í flutningi Sæunnar Þorsteinsdóttur og Símfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn tónskáldsins. Áður hafði Sæunn Þorsteinsdóttir flutt síðasta kaflann, *Air to Breath*, með Símfóníuhljómsveit Íslands á tónleikumum *Klassíkin okkar* haustið 2018.

Þráhyggjukennd hlaup sellósins fíkra sig upp og niður tónsviðið af vaxandi örvæntingu, uns meginstefið fær útrás af hvíslandi ákefð. Í þáttunum tveimur sem á eftir fylgja, *Blood to Bones* og *Air to Breath* fíkrar verkið sig „úr hávaða í kyrrð, frá hinu jarðneska til hins loftkennda,“ eins og tónskáldið lýsir því – miðkaflinn byggir á fíngerðu strengjaplokki einleikarans með léttri og dulúðugri umgjörð hljómsveitarinnar en í lokakaflanum fær sellóið að syngja af angurværð sem er físlétt og íhugul í senn.



Ígor Stravinskíj

VORBLÓT

„Ég sá í hugskoti mínu heiðna helgiathöfn – vitrir öldungar sitja í hring og horfa á unga stúlku dansa sig til dauða. Hún var fórn þeirra til friðþægingar guðum vorsins.“

Þannig lýsti Ígor Stravinskíj (1882–1971) tilurð ballettsins *Vorblót* í endurminningum sínum en þeim ber þó að taka með nokkrum fyrirvara. Þessi augnabliksvitrun hans birtist honum árið 1910 en það var hins vegar ekki fyrr en ári síðar að tónskáldið fór að vinna að verkinu, þá í samstarfi við rússneska listmálarann og fornleifafraeðinginn Níkolaj Roerikh. Fyrst sömdu þeir saman söguþráð verksins en auk þess hannaði Roerikh sviðsmynd og búninga ballettsins. Það kom svo í hlut hins unga stjórnudansara Ballettflokksins *Ballet Russes* í París, Vatslavs Nízhínskíjs, að semja dansinn við tónlist Stravinskíjs.

Atburðarásin sem þeir Roerikh og Stravinskíj lögðu til grundvallar verkinu er eftirfarandi: Í fyrri hluta verksins er vorinu fagnað (*Koss jarðarinnar*), ungar stúlkur dansa vorinu til handa og ættbálkurinn skiptist í tvo andstæða hópa og dansar saman. Aldnir vitringar þorpsins koma inn á sviðið og dansinn er stöðvaður af aldursforseta þeirra. Öldungarnir blessa jörðina og ættbálkurinn allur dansar af ákafa jarðardansinn. Annar hluti: (*Fórnin mikla*) gerist að næturlagi. Dulúðlegir hringdansar ungmeyjanna eru til þess að velja megi fórnarlambið og að lokum er aðeins ein stúlka eftir. Ungmeyjar dansa þá henni til heiðurs og fela hana öldungunum. Með þeim dansar hún dans fórnarlambins og hnígur að lokum örend niður.

Sögufrægur frumflutningur *Vorblóts* fór fram hinn 29. maí árið 1913 í Champs-Élysées-leikhúsinu í París og lyktaði honum með algjöru uppþoti; raunar fóru ólætin á spjöld sögunnar. Hljómsveitarstjórinn, Pierre Monteux, lýsti síðar atburðarásinni svo: „Áheyrendur voru þöglir fyrstu tvær mínúturnar. Þá fóru að heyrast öskur og óhljóð af svölunum, skömmu síðar höfðu þau breiðst út um allan salinn. Sessunautar tóku að lúskra hver á

Tónlistin á Íslandi

Vorblót hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi árið 1982, þá flutt af Sinfóníuhljómsveit Æskunnar í Háskólabíói á lokatónleikum hljómsveitarnámskeiðs undir leiðsögn bandaríska fiðluleikarans Pauls Zukofskys. Síðan hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið *Vorblót* átta sinnum: árin 1985 (þar sem stjórnandi var Jean-Pierre Jacquillat), 1991 (Petri Sakari), 1995 (Osmo Vänskä), 2001 (Petri Sakari), 2004 (Vladimir Ashkenazy), 2007 (Rumon Gamba), 2013 (Ilan Volkov) og 2019 (Daníel Bjarnason). Orkester Norden lék verkið hér á landi sumarið 1998 og þeim flutningi stjórnaði Paavo Järvi. Í september árið 2017 flutti svo Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands verkið í Eldborg. Þess má einnig geta að gerð verksins fyrir tvö píanó hefur hljómað á tónleikum hér á landi, fyrst í flutningi Gísla Magnússonar og Halldórs Haraldssonar á Listahátíð í Reykjavík 1978.

öðrum með hnefunum, gönguprikum eða hverju sem hendi var næst. Brátt var reiðinni líka beint að dönsurunum og að lokum hljómsveitinni, sem einmitt var að fremja stærsta glæpinn. Öllu sem hönd á festi var fleygt í átt til okkar en við héldum áfram að spila eins og ekkert hefði í skorist.“ Að endingu var lögreglan kvödd til en þá hafði tónskáldið komist við illan leik út um glugga baksviðs.

Íhaldsöflin sem brugðust ókvæða við á frumsýningarkvöldinu voru ekki síður að mótmæla sjálfum dansinum en tónlistinni, en í honum birtust villtar, mannlegar hvatir af óhefluðum krafti – í hrópandi mótsögn við þann léttu og fágaða þokka sem var aðalsmerki franska ballettsins. Raunar voru spor dansaranna slík nýlunda að það þurfti hundrað æfingar með píanói til þess að kenna þessar nýju hreyfingar. Áður hafði dansflokkurinn (*Ballet Russes*) frumflutt tvo balletta eftir Stravinskíj, *Eldfuglinn* (1910) og *Petrúsku* (1911), við góðan orðstír en báðir bera þeir keim af þjóðlegum, rússneskum áherslum. *Vorblót* gekk hins vegar skrefinu lengra og átti að draga fram kraftmiklar sviþmyndir úr hinni heiðnu fortíð slavnesku þjóðflokka sem byggðu Rússland. Það var of stór biti fyrir áhorfendur í París árið 1913. Sjálfur sagðist Stravinskíj aldrei hafa fundið fyrir viðlíka reiði og á frumsýningarkvöldinu, eitthvað sem hann raunar gat aldrei skilið til hlítar.

Franska tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Pierre Boulez kallaði *Vorblót* „fæðingarvottorð nútímatónlistar“. Það er mikið til í því enda reyndist verkið byltingarkennt þegar kom að notkun hrynjanda og hljóma. Kannski fólst mesta nýjungin í notkun endurtekinna, samsettra hljóma (tveir þríhljómar mynda einn ómstríðan hljóm). Þá reyndist hrynjandi tónlistarinnar afar nýstárleg (til að mynda ör skipti á taktmynstri). Varð enda sú raunin að tónskáldinu sjálfu reyndist örðugt að koma verkinu á blað eða eins og hann orðaði það sjálfur: „Ég gat spilað tónlistina en vissi í fyrstu ekki hvernig ég ætti að festa hana á blað.“

Eitt er víst að það stendur alltaf mikið til þegar *Vorblót* er á efnisskrám hljómsveita. Áður fyrr þóttu margir kaflar verksins nánast óspilandi en eftir því sem tækni hljóðfæraleikara hefur fleygt fram er *Vorblót* orðið að fastagesti í tónleikasölum um heim allan.

Magnús Lyngdal Magnússon

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Ari Þór Vilhjálmsson
Rannveig Marta Sarc
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Justyna Bidler
Laufey Jensdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Laura Liu
Júlíana Elín Kjartansdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Kristján Matthíasson

Víola

Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Ásdís Runólfsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson

Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Helga Björg Ágústsdóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Xun Yang

Flauta

Yuri Guccione
Steinunn Vala Pálsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir (piccolo)
Martial Nardeau (piccolo)
Áshildur Haraldsdóttir
(altflauta)

Óbó

Julia Hantschel
Eydís Lára Franzdóttir
Össur Ingi Jónsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínett

Argunnur Árnadóttir
Finn Schofield
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson
Grímur Helgason

Fagott

Mikko Pekka Svala
Bryndís Þórsdóttir
Leendert Booyens
Brjánn Ingason

Kontrafagott

Jonathan Reeder

Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Constantin Glaner
Frank Hammarin
Hugues Viallon
Pedro Jorge Garcia

Trompet

Jóhann Nardeau
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Øyvind Lapin Larsin

Bassatrompet

Steinn Völundur Halldórsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron
Matthew Hightower

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Mathias Halvorsen

Pákur

Soraya Nayyar
Frank Aarnink

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
lístrænn ráðgjafi
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningastjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

30.09 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Skógarkyrrö með Sæunni

Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á yfirstandandi starfsári, er ötull boðberi nýrrar tónlistar en einnig í stöðugum og frjóum tengslum við hefðina. Á þessum tónleikum í Föstudagsröð Sinfóníunnar leiðir hún áheyrendur í spennandi óvissuferð um heillandi hljóðheim sellósins á klukkustundarlöngum tónleikum í Norðurljósum, en efnisskráin rúmar meðal annars Skógarkyrrö Dvořáks, glænýtt einleiksverk fyrir selló eftir Veronique Vöku og hið grípandi og kraftmikla verk Pierre Boulez Messagesquise fyrir einleiksselló og sex meðleiksselló. Þá hljóma tvö verk ungra kventónskálda sem vakið hafa mikla athygli undanfarin ár. Með Sæunni leika sellóleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands en um tónsprotann heldur staðarhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar, Nathanaél Iselin.

06.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 20:00



Stolin stef

„Góðir listamenn herma eftir – stórfenglegir listamenn stela.“ Þessi orð, sem gjarnan eru höfð eftir Pablo Picasso, eiga víst ekki síður við í tónlistinni en myndlistinni. Þegar horft er yfir tónlistarsöguna finnast ófá meistaraverk sem tónskáld hafa smíðað úr stefjum annarra. Á þessum tónleikum í Grænu röðinni stjórnar Daníel Bjarnason litríkri efnisskrá með stolnum stefjum í forgrunni. Öll eiga stolnu stefin uppruna sinn á Ítalíu – landi sem veitir listamönnum úr öllum greinum stöðugan innblástur. Fluttir verða þættir úr *Pulcinellasvítunni* eftir Ígor Stravinskíj, fjórði þátturinn úr *4. sífóníu* Felixs Mendelssohn og að lokum *Rapsódía um stef* eftir Paganíní eftir Sergej Rakhmanínov. Verkið gerir ríkar kröfur til einleikarans, sem er hinn ungi Dmitry Shishkin. Shishkin er á hraðri leið upp á stjörnuhimin píanóheimsins. Kynnir er Halla Oddný Magnúsdóttir.

Tónleikarnir eru um klukkustund án hlés og verður þeim einnig sjónvarpað beit á RÚV.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Stolin stef

06.10 | 20:00

Tónleikar þar sem Daníel Bjarnason stjórnar litríkri efnisskrá með stolnum stefnum – meistaraverk sem byggja á tónlist annara. Öll eiga stolnu stefin uppruna sinn á Ítalíu.

Einleikari er hinn ungi Dmitry Shishki sem er á hraðri leið upp á stjörnuhimin píanóheimsins.

Kynnir er Halla Oddný Magnúsdóttir.

SINFONIA.IS

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring